

**Lífeyrissjóður  
starfsmanna  
Reykjavíkurborgar**

---

Ársreikningur

---

2012

---

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar  
Sigtúni 42  
105 Reykjavík  
Kt. 430269-6589

# Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

---

Ársreikningur

---

2012

## Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2-3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8-14
Kennitölur	15

---

# Skýrsla stjórnar

## Iðgjöld

Á árinu 2012 voru að meðaltali 668 sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til A-deildar á mánuði, samanborið við 740 árið áður (meðaltal virkra). Alls áunnu 650 sjóðfélagar sér réttindi vegna greiddra iðgjalda á árinu 2012, samanborið við 724 árið áður. Óvirkir sjóðfélagar sem eiga réttindi hjá sjóðnum eru 14.319 talsins, þ.e. 1.567 í A-deild (almenn deild) og 12.752 í B-deild (stiga deild), samanborið við 14.454 árið áður, þ.e. 1.652 í A-deild og 12.802 í B-deild.

Iðgjöld sjóðfélaga ásamt mótframlagi launagreiðenda námu 1.795,3 m.kr. árið 2012, samanborið við 1.692,3 m.kr. árið áður eða 6% hækkun. Réttindaflutningur og endurgreiðslur voru nettó 2,9 m.kr. í útgreiðslur, samanborið við 0,2 m.kr. árið áður.

Endurgreiðsluhlutfall greidds lífeyris var að tillögu tryggingastærðfræðings 69% árið 2012, sem er óbreytt frá fyrra ári. Þær stofnanir og fyrirtæki sem gert hafa upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar sínar eru ekki krafín um hlutdeild í greiðslu lífeyris.

## Lífeyrir

Lífeyrir nam 2.709,6 m.kr. á árinu 2012, samanborið við 2.473,9 m.kr. árið áður eða 9,5% hækkun. Skýrist það einkum af fjölgun lífeyrisþega. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 2.906 á mánuði, þ.e. 2.051 sem fengu ellilífeyri, 383 örorkulífeyri, 454 makalífeyri og 18 barnalífeyri. Samsvarandi tölur fyrir fyrra ár eru 2.783 á mánuði, þ.e. 1.936 fengu ellilífeyri, 379 örorkulífeyri, 448 makalífeyri og 18 barnalífeyri.

## Fjárfestingar

Í árslok 2012 námu fjárfestingar sjóðsins 61.662,6 m.kr., samanborið við 58.046,2 m.kr. í ársbyrjun. Á árinu ráðstafaði sjóðurinn 7.957,9 m.kr. til fjárfestinga, þ.e. 6.114,6 m.kr. til kaupa á verðbréfum með föstum tekjum eða 77% og 1.843,3 m.kr. til kaupa á verðbréfum með breytilegum tekjum eða 23%. Fjárfestingar í árslok eru nánast að öllu leiti í íslenskum krónum eða rúm 99%. Seld verðbréf og fengnar afborganir námu 5.744,1 m.kr. á árinu, samanborið við 5.474,7 m.kr. árið áður.

Varúðarniðurfærsla óskráðra verðbréfa nam 1.004,7 m.kr. í árslok 2012, samanborið við 1.098,0 m.kr. í ársbyrjun eða lækkun um 93,3 m.kr.

## Ávöxtun á markaði

Úrvalsvísitala innlendra hlutabréfa lækkaði um 16% á árinu. Vísitala innlendra skuldabréfa hækkaði um 6% fyrir verðtryggð og 6% fyrir óverðtryggð. Vísitala neysluerðs til verðtryggingar hækkaði um 4%. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 11% mælt í evrum og 13% mælt í bandaríkjadöllum.

## Framtíðarþróun

Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Í samræmi við samþykktir sjóðsins er gerður reikningur á viðkomandi launagreiðanda fyrir hluta útgreidds mánaðarlegs lífeyris og er fjárhæð hans byggð á tryggingafræðilegum forsendum. Það hlutfall er nú 69%. Lífeyrissjóðurinn stendur þannig undir 31% af greiddum lífeyri. Megin áhersla er og verður lögð á tryggja ávöxtun með fjárfestingum í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og annarra opinberra aðila.

## Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 61.924,3 m.kr. í árslok, samborið við 58.203,2 m.kr. í ársbyrjun eða 6,4% hækkun.

Skuldabréf með ríkisábyrgð eru 82,2% af verðbréfum með föstum tekjum í árslok og skuldabréf fyrirtækja og sveitarfélaga samtals 16,3%. Öll eru verðtryggð. Ávöxtun sjóðsins tekur þannig að mestu mið af verðbólgu ársins og föstum vöxtum bréfanna. Fjárfestingatekjur voru jákvæðar um 4.782,9 m.kr., samanborið við 4.786,9 m.kr. árið áður.

Nafnávöxtun sjóðsins reiknuð samkvæmt formúlu Fjármálaeftirlitsins var 8,0% og hrein raunávöxtun 3,4%, samanborið við 8,6% og 3,2% árið áður. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar er 4,0% sem er viðunandi þar sem sjóðnum hefur verið lokað og lífeyrisgreiðslur orðnar meiri en iðgjöld. Lífeyrisskuldbindingar eru núvirtar með 3,5% ávöxtunarkröfu. Í kennitölum meðfylgjandi ársreikningi er að finna upplýsingar um ávöxtun einstakra ára.

## Rekstur

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu. Rekstrarkostnaður nam 66,2 m. kr. sem er 0,1% af hreinni eign eins og árið áður. Fjárfestingargjöld námu 81,2 m.kr. samanborið við 58 m.kr. árið áður. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur hans samkvæmt samningi þar um.

## Atburðir eftir lok reikningskiladags

Það hafa engir atburðir orðið eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu fyrir ársreikninginn.

## Tryggingafræðileg athugun

Samkvæmt athugun Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings, á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í árslok 2012 nam áfallin skuldbinding A-deildar 69.983 m.kr. og áfallin skuldbinding B-deildar 3.460 m.kr. eða samtals 73.443 m.kr. Áfallin skuldbinding hækkar um 3,9% frá fyrra ári. Í skýringu 30 er að finna frekari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, m.a. um þá hreinu eign sem sjóðurinn á til að mæta þessari skuldbindingu. Þess ber að geta að borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

## Staðfesting stjórnar

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2012, efnahag hans 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012 í samræmi við lög um ársreikninga.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2013.

Í stjórn

Björk Vilhelmsdóttir  
stjórnarformaður

Þorgrímur Hallgrímsson

Júlíus Vífill Ingvarsson

Jón Fjörnir Thoroddsen

Ása Clausen

Framkvæmdastjóri

Jón G. Kristjánsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar og kennitölur.

### Abyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Abyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2012, efnahag hans 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

### Önnur atriði

Ársreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2011 var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda. Álit hans á ársreikningnum, dagsettu 21. mars 2012 var fyrirvaralaust.

Reykjavík, 30. apríl 2013.

PricewaterhouseCoopers ehf.



löggtur endurskoðandi

Lífeyrissjóður starfsmanna  
Reykjavíkurborgar  
Ársreikningur 2012

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris

## Árið 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Iðgjöld</b>	6		
Iðgjöld sjóðfélaga .....		103.861.101	108.788.520
Iðgjöld launagreiðenda .....	17	233.497.423	239.154.024
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(2.927.779)	(217.305)
Sérstök aukaframlög .....	17	1.460.901.414	1.344.602.458
		<u>1.795.332.159</u>	<u>1.692.327.697</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	18	(2.708.539.887)	(2.473.917.878)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....		(271.686)	0
Framlag til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs .....		(754.264)	0
		<u>(2.709.565.837)</u>	<u>(2.473.917.878)</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>	7		
Tekjur af eignarhlutum .....	19	29.601.447	(35.350.137)
Vaxtatekjur og gengismunur .....	20	4.787.285.051	4.976.198.103
Breyting á niðurfærslu .....	23	(33.995.252)	(153.954.792)
		<u>4.782.891.246</u>	<u>4.786.893.174</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>	8		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(44.173.236)	(24.248.924)
Önnur fjárfestingargjöld .....		(37.082.897)	(33.704.428)
		<u>(81.256.133)</u>	<u>(57.953.352)</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(66.259.853)	(72.746.774)
		<u>(66.259.853)</u>	<u>(72.746.774)</u>
<b>Önnur gjöld</b>			
Gjald í ríkissjóð .....		0	(47.416.024)
Hækkun á hreinni eign á tímabilinu .....		3.721.141.582	3.827.186.843
Hrein eign frá fyrra ári .....		58.203.227.491	54.376.040.648
Hrein eign í í lok tímabils til greiðslu lífeyris .....		<u>61.924.369.073</u>	<u>58.203.227.491</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr.	31.12.2012	31.12.2011
<b>Fjárfestingar</b>	10,11,12		
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	21	3.283.968.601	2.139.928.125
Verðbréf með föstum tekjum .....	22,23	57.265.424.960	54.723.334.734
Veðlán .....	24	1.112.846.126	1.182.975.264
		<u>61.662.239.687</u>	<u>58.046.238.123</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....	27	47.393.026	44.567.484
Aðrar kröfur .....		4.995.768	3.475.364
		<u>52.388.794</u>	<u>48.042.848</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóður og veltiinnlán .....		292.896.643	226.971.377
<b>Eignir samtals</b>		<u>62.007.525.124</u>	<u>58.321.252.348</u>
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Ýmsar skuldir .....		83.156.051	118.024.857
<b>Skuldir samtals</b>		<u>83.156.051</u>	<u>118.024.857</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....		<u>61.924.369.073</u>	<u>58.203.227.491</u>
Tryggingafræðileg athugun	30		
Aðrar upplýsingar	25,26,28 og 29		

# Sjóðstreymi

## Árið 2012

	Skýr.	2012	2011
<b>Inngreiðslur</b>			
Iðgjöld .....		1.790.986.213	1.707.343.765
Fjárfestingartekjur.....		3.380.630.355	675.048.943
Afborganir verðbréfa.....		429.729.272	2.908.472.987
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....		994.441.503	1.040.907.909
Seld verðbréf með föstum tekjum.....		4.319.972.992	1.525.314.076
		<u>10.915.760.335</u>	<u>7.857.087.680</u>
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir.....		(2.709.565.837)	(2.473.813.304)
Fjárfestingargjöld.....		(81.256.133)	(57.979.496)
Rekstrarkostnaður án afskrifta.....		(66.259.853)	(66.589.423)
Aðrar útgreiðslur.....		(34.868.806)	0
		<u>(2.891.950.629)</u>	<u>(2.598.382.223)</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....		<u>8.023.809.706</u>	<u>5.258.705.457</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....		(1.843.279.279)	(1.554.007.046)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....		(6.114.605.161)	(3.655.817.815)
		<u>(7.957.884.440)</u>	<u>(5.209.824.861)</u>
Hækkun á sjóði og veltiinnlánum .....		65.925.266	48.880.596
Sjóður og veltiinnlán í upphafi tímabils .....		<u>226.971.377</u>	<u>178.090.781</u>
Sjóður og veltiinnlán í lok tímabils .....		<u>292.896.643</u>	<u>226.971.377</u>



## I) Starfsemi

### 1. Almenn

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) var stofnaður með samþykkt bæjarstjórnar þann 2. janúar 1930 og hét þá Eftirlaunasjóður Reykjavíkurborgar. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullgilt starfsleyfi, sem gefið var út 8. desember 1998. Sjóðurinn rekur tvær samtryggingadeildir (A og B) (nr. 640).

### 2. Sjóðfélagar

#### Lokaður sjóður

Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga frá og með 1. janúar 1998 og fellur starfssemi hans nú undir ákvæði 54. gr. laga nr. 129/1997.

#### A deild

A deild er almenn deild. Sjóðfélagar eru allir starfsmenn Reykjavíkurborgar og stofnana hennar, sem unnið hafa hjá þessum aðilum hálf starf eða meira í fulla tólf mánuði og falla undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Iðgjald er 12%, þ.e. 4% frá sjóðfélaga og 8% frá launagreiðanda. Hafi sjóðfélagi greitt til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður og launagreiðandi greiðir 12%. Lífeyrir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri hafi sjóðfélagi greitt í a.m.k. 5 réttindaár, örorkulífeyrir, ævilangur makalífeyrir og barnalífeyrir. Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár.

Lífeyrisréttindi eru miðuð við laun sem fylgja starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast (eftirmannsregla), en breytast eftir það með meðalvísitölu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sem Hagstofa Íslands reiknar út.

#### B deild

Ofangreind ákvæði gilda ekki um réttindi sjóðfélaga sem ekki ná fimm ára starfstíma. Um réttindi þeirra gilda ákvæði samkvæmt grundvallarreglugerð Sambands almennra lífeyrissjóða frá árinu 1997 og eru réttindi þeirra sjóðfélaga varðveitt í B-deild sjóðsins. Fyrir hvert ár sem greitt er til sjóðsins ávinnt ellilífeyrisréttur sem er 1,4% af þeim launum sem greitt er af og eru þau réttindi verðtryggt miðað við vísitölu neysliverðs. Ellilífeyrisaldur er 67 ára og makalífeyrisréttur ekki ævilangur.

#### Ábyrgð borgarsjóðs

Borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins, en auk iðgjaldagreiðslna skulu borgarsjóður og viðkomandi stofnanir endurgreiða tiltekið hlutfall af útgjöldum til lífeyrisgreiðslna. Hlutfallið er ákveðið af borgarstjórn að fenginni umsögn tryggingafræðings og sjóðsstjórnar. Endurgreiðsluhlutfall var 69% árið 2012 og 69% árið 2011.

### 3. Daglegur rekstur

Frá 1. júní 1999 hefur Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga haft umsjón með og annast daglegan rekstur sjóðsins.

## II) Reikningsskilaaðferðir

### 4. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### 5. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

# Skýringar

---

## 6. Iðgjöld

Iðgjöld eru færð til tekna þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem kröfur á launagreiðendur. Sérstök aukaframlög er hlutdeild launagreiðenda samkvæmt samþykktum sjóðsins. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingargjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

## 7. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum samanstanda af fengnum arði og breytingu á markaðsverði hlutabréfa, þ.m.t. vegna breytingu á gengi gjaldmiðla.

Vaxtatekjur og gengismunur samanstanda af vaxtatekjum og verðbótum af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bankainnistæðum og ógreiddum iðgjöldum. Einnig af gengismun erlendra skuldabréfa og breytingu á markaðsverði hlutdeildarskírteina.

## 8. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða áætlaðan kostnað við fjárfestingar eða annan rekstur sjóðsins.

Önnur fjárfestingargjöld samanstanda af beinum kostnaði við fjárfestingar sjóðsins.

## 9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar á enga varanlega rekstrarfjármuni í árslok 2012.

## 10. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum samanstanda af hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og öðrum verðbréfum með breytilega vaxtaviðmiðun. Skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð eru færð til eignar á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok.

## 11. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum samanstanda af skuldabréfum og öðrum verðbréfum með föstum vöxtum eða tiltekinni vaxtaviðmiðun. Verðbréfin eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Í árslok er metin þörf á niðurfærslu og ef hún er talin nauðsynleg þá er bókfært verð fært niður í áætlað markaðsverð.

## 12. Veðlán

Veðlán samanstanda af skuldabréfum með veði í fasteignum. Þau eru færð til eignar með sama hætti og önnur verðbréf með föstum tekjum.

## 13. Afleiðusamningar

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar er ekki með neina afleiðu- eða gjaldmiðlasamninga í árslok 2012. Skiptasamningar samanstanda af galdmiðla- og vaxtaskiptasamningum. Almennir eru samningarnir færðir til eignar eða skuldar miðað við nettó stöðu samkvæmt árslokayfirlitum mótaðila. Samningunum er ætlað að draga úr gjaldeyrisáhættu vegna erlendra verðbréfa og eru þeir því færðir meðal verðbréfa með breytilegum tekjum.

Í ársbyrjun samstóðu skiptasamningar af samningum við Kaupþing hf. Þessir samningar voru gerðir upp í nóvember 2012 með samkomulagi lífeyrissjóða og slitastjórnar Kaupþings hf. Sjóðurinn þurfti ekkert að greiða vegna þessa uppgjors þar sem hann gat skuldajafnað kröfum sem hann átti á Kaupþing hf.

# Skýringar

## 14. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Miðgengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

	Mynt	Árslokagengi	
		31.12.2012	31.12.2011
Evra.....	EUR	169,33	158,84
Bandaríkjadóllar.....	USD	128,43	122,71
Sænsk króna.....	SEK	19,70	17,79
Danskar krónur.....	DKR	22,69	21,37

## 15. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni, grundvallað á stöðu á reikningsskiladegi.

## 16. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 17. Iðgjöld launagreiðenda

Iðgjöld launagreiðenda greinast þannig:

	2012	2011
Lögbundin iðgjöld launagreiðenda.....	233.497.423	239.154.024

### Sérstök aukaframlög

Sérstök aukaframlög greinast þannig:

	2012	2011
Viðbótarhlutdeild í lífeyrisgreiðslum.....	1.328.730.487	1.211.803.328
Viðbótarhlutdeild í lífeyrisgreiðslum / samtímagreiðslur.....	108.811.351	110.076.076
Framlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði.....	23.359.576	22.723.054
	1.460.901.414	1.344.602.458

## 18. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	2012	2011
Ellilífeyrir .....	2.000.435.440	1.824.687.122
Makalífeyrir.....	515.875.497	470.690.740
Örorkulífeyrir.....	189.526.768	176.212.120
Barnalífeyrir.....	2.702.182	2.352.012
Endurgreiddur lífeyrir.....	0	(24.116)
	2.708.539.887	2.473.917.878

# Skýringar

## 19. Tekjur (gjöld) af eignarhlutum

Tekjur (gjöld) af eignarhlutum greinast þannig:

	Innlend	Erlend	Samtals 2012	Samtals 2011
Af hlutabréfum.....	33.187.212	(3.585.765)	29.601.447	(35.350.137)

## 20. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	Innlend	Erlend	Samtals 2012	Samtals 2011
Af verðbréfum með breytilegar tekjur.....	114.173.606	108.075.221	222.248.827	165.814.390
Af verðbréfum með fastar tekjur.....	4.444.520.472	0	4.444.520.472	4.644.264.956
Af veðlánunum.....	110.829.087	0	110.829.087	152.286.717
Af bankainnistæðum.....	12.963.472	0	12.963.472	9.222.995
Af kröfum.....	(3.276.807)	0	(3.276.807)	4.609.045
	4.679.209.830	108.075.221	4.787.285.051	4.976.198.103

## 21. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Innlend	Erlend	Samtals 2012	Samtals 2011
Skuldabréfasjóðir.....	1.060.852.612	20.137.182	1.080.989.794	1.354.334.034
Peningamarkaðssjóðir.....	724.498	0	724.498	3.018.418
Hlutabréf 1).....	628.411.545	56.442.883	684.854.428	547.452.730
Hlutabréfasjóðir.....	449.298.966	5.003.012	454.301.978	210.350.803
Hlutabréfatengd skuldabréf.....	3.354.000	0	3.354.000	3.354.000
Framtakssjóðir.....	1.059.743.903	0	1.059.743.903	21.418.140
	3.202.385.524	81.583.077	3.283.968.601	2.139.928.125

1) Eignarhlutdeild í einstökum hlutafélögum er undir 2% og bókfært verð einstakra eignarhluta er undir 0,5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

## 22. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig (allt innlend):

	2012	2011
Skuldabréf með ríkisábyrgð.....	47.073.241.419	45.054.715.851
Skuldabréf sveitarfélaga.....	2.021.619.284	1.875.806.902
Skuldabréf lánastofnana.....	837.289.326	268.902.327
Skuldabréf fyrirtækja.....	7.333.274.931	7.523.909.654
	57.265.424.960	54.723.334.734
Áætlað markaðsverð.....	59.401.170.916	56.704.499.323

# Skýringar

## 23. Niðurfærsla verðbréfa

Bókfært verð óskráðra bréfa hefur verið fært niður varúðarniðurfærslu sem byggir á mati stjórnenda sjóðsins á því hvað viðkomandi skuldari getur greitt og verðmæti þeirra trygginga sem að baki liggja. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Breyting á niðurfærslu á árinu greinist þannig:

	2012	2011
Staða í ársbyrjun.....	1.097.928.233	1.013.717.833
Gjaldfært á árinu.....	33.995.252	153.954.792
Tapað á árinu.....	(127.157.250)	(69.744.392)
Staða í árslok.....	<u>1.004.766.235</u>	<u>1.097.928.233</u>

Niðurfærsla í árslok greinist þannig:

	31.12.2012	31.12.2011
Skuldabréf lánastofnana.....	0	753.467.861
Skuldabréf fyrirtækja.....	991.350.235	331.044.172
Hlutabréfatengd skuldabréf.....	13.416.000	13.416.000
	<u>1.004.766.235</u>	<u>1.097.928.033</u>

Aðrar eignir í ársreikningi þessum hafa ekki verið færðar niður varúðarniðurfærslu

## 24. Veðlán

Veðlán greinast þannig (allt innlend):

	2012	2011
Veðlán til sjóðfélaga.....	856.665.783	935.068.531
Veðlán til annarra.....	256.180.343	247.906.733
	<u>1.112.846.126</u>	<u>1.182.975.264</u>

## 25. Aðrar fjárfestingar

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar á engar fullnustueignir í árslok 2012.

## 26. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum, án áhrifa gjaldmiðlasamninga:

	Mynt	31.12.2012	31.12.2011
Íslenskar krónur.....	ISK	61.162.995.315	57.581.335.529
Bandaríkjadalur.....	USD	437.798.477	398.116.451
Danskar krónur.....	DKK	56.442.883	60.028.648
Sænskar krónur.....	SEK	5.003.012	6.757.495
		<u>61.662.239.687</u>	<u>58.046.238.123</u>

# Skýringar

## 27. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur eru vegna ógreiddra iðgjalda.

## 28. Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og framkvæmdastjóra

Laun til stjórnar greinast þannig:

	2012	2011
Björk Vilhelmsdóttir .....	1.320.000	728.832
Garðar Hilmarsson .....	0	91.104
Ása Clausen .....	660.000	334.048
Þorgrímur Hallgrímsson .....	660.000	273.312
Jón Fjörnir Thoroddsen .....	660.000	364.416
Júlíur Vífill Ingvarsson .....	660.000	364.416
Sjöfn Ingólfssdóttir .....	0	30.368
	<u>3.960.000</u>	<u>2.186.496</u>

Framkvæmdastjóri er ekki á launaskrá, en sjóðurinn greiðir hlutdeild í rekstrarkostnaði Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og er sá kostnaður færður undir skrifstofu- og stjórnunarkostnað.

Laun til endurskoðunarnefndar greinast þannig:

	2012	2011
Birgir Björn Sigurbjörnsson .....	390.000	210.000
Björk Vilhelmsdóttir .....	180.000	140.000
Ása Clausen .....	160.000	40.000
Sjöfn Ingólfssdóttir .....	0	80.000
	<u>730.000</u>	<u>470.000</u>

## 29. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:

	2012	2011
Endurskoðun ársreiknings .....	4.845.276	4.147.537
Innri endurskoðun .....	1.266.503	2.000.892
Önnur aðstoð .....	80.446	0
	<u>6.111.779</u>	<u>6.148.429</u>

# Skýringar

## IV) Tryggingafræðileg athugun

30. Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok greinist þannig (í milljónum króna):

<i>A - deild:</i>	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Samtals 31.12.2012	Samtals 31.12.2011
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	58.288	0	58.288	54.888
Endurmat verðbréfa.....	(1.814)	0	(1.814)	772
Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar.....	(1.011)	0	(1.011)	(1.340)
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	2.659	2.659	2.901
<b>Eignir alls</b>	<b>55.463</b>	<b>2.659</b>	<b>58.122</b>	<b>57.221</b>
Ellilífeyrir.....	54.056	5.617	59.674	57.399
Örorkulífeyrir.....	1.535	167	1.702	1.785
Makalífeyrir.....	13.004	1.061	14.064	14.258
Barnalífeyrir.....	31	14	46	33
Rekstrarkostnaður.....	1.357	188	1.544	1.712
<b>Skuldbindingar alls</b>	<b>69.983</b>	<b>7.047</b>	<b>77.030</b>	<b>75.187</b>
Eignir umfram skuldbindingar.....	(14.520)	(4.388)	(18.908)	(17.966)
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	(20,7%)	(62,3%)	(24,5%)	(23,9%)

<i>B - deild:</i>	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Samtals 31.12.2012	Samtals 31.12.2011
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	3.636	0	3.636	3.315
Endurmat verðbréfa.....	(113)	0	(113)	47
Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar.....	(63)	0	(63)	(81)
<b>Eignir alls</b>	<b>3.460</b>	<b>0</b>	<b>3.460</b>	<b>3.281</b>
Ellilífeyrir.....	2.912	0	2.912	2.716
Örorkulífeyrir.....	374	0	374	388
Makalífeyrir.....	107	0	107	105
Rekstrarkostnaður.....	67	0	67	72
<b>Skuldbindingar alls</b>	<b>3.460</b>	<b>0</b>	<b>3.460</b>	<b>3.281</b>
Eignir umfram skuldbindingar.....	0	0	0	0
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Hafa ber í huga að sjóðnum er ekki ætlað að standa að fullu undir réttindum þeim sem sjóðfélögum eru tryggð í samþykktum hans, heldur ber Reykjavíkurborg og öðrum launagreiðendum sem greiða til aðalsjóðsins (A-deild) að standa undir hluta útgjalda samanber 23. gr. samþykpta hans. Sé tekið tillit til þessara endurgreiðslna, sem eru nú 69% af greiddum lífeyri batnar tryggingafræðileg staða verulega og verður niðurstaða þessi:

Eignir umfram skuldbindingar.....	-14.520,0	36.264,7	21.744,7	21.647,4
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	(19,8%)	514,6%	27,0%	27,6%

# Kennitölur

	2012	2011	2010	2009	2008
<b>Ávöxtun</b>					
Nafnávöxtun .....	8,0%	8,6%	5,1%	12,5%	19,0%
Hrein raunávöxtun .....	3,4%	3,2%	2,4%	3,6%	2,3%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) .....	3,0%	4,0%	4,1%	4,3%	4,2%
<b>Hlutfallsleg skipting fjárfestinga</b>					
Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð .....	3,5%	1,8%	1,1%	1,7%	2,4%
Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð .....	1,9%	1,9%	1,6%	1,5%	0,8%
Verðbréf með föstum tekjum, skráð .....	35,7%	35,2%	32,4%	27,2%	22,3%
Verðbréf með föstum tekjum, óskráð .....	57,2%	59,1%	62,7%	67,2%	71,5%
Veðlán .....	1,8%	2,0%	2,2%	2,4%	3,0%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
<b>Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum</b>					
Eignir í íslenskum krónum .....	99,2%	99,2%	99,8%	100,0%	99,6%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	0,8%	0,8%	0,2%	0,0%	0,4%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
<b>Fjöldi</b>					
Fjöldi sjóðfélaga (meðaltal virkra) .....	668	740	792	845	919
Fjöldi lífeyrisþega (meðatal) .....	2.906	2.783	2.719	2.613	2.553
<b>Hlutfallsleg skipting lífeyris</b>					
Ellilífeyrir .....	73,9%	73,8%	73,3%	72,8%	72,1%
Makalífeyrir .....	19,0%	19,0%	19,2%	20,3%	21,4%
Örorkulífeyrir .....	7,0%	7,1%	7,4%	6,8%	6,4%
Barnalífeyrir .....	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>
<b>Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt</b>					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar .....	(23,8%)	(22,9%)	(20,3%)	(22,7%)	(28,2%)
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar .....	(20,1%)	(18,7%)	(15,3%)	(17,3%)	(22,8%)
<b>Rekstur</b>					
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign .....	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Lífeyrisbyrði (lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum) .....	150,9%	146,2%	146,8%	142,6%	139,5%